

SAMÞYKKT

67

22. apríl

um lokunartíma sölubúða í Selfosskauptúni í Árnassýslu.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Selfosskauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað kl. 6 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 7 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal sölustöðum og sölubúðum lokað alla laugardaga kl. 5 síðdegis. Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu skal loka kl. 5 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta desember mega sölubúðir vera opnar til kl. 12 á hádegi.

4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar sem hér segir:

Alla virka daga frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis. Alla sunnudaga, annan jóladag, annan páskadag, annan í hvítasunnu, skirdag og uppstigningardag frá kl. 8 árdegis til kl. 6 síðdegis. Jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag frá kl. 9 árd. til kl. 11 árd. Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, 1. mánudag í ágúst og 1. desember frá kl. 8 árd. til kl. 4 síðdegis.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum úti eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma sölubúða og á helgidögum benzín og olíur til bifreiða.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða, svo og vörupantanir, sem fyrir liggja og sendast eiga frá verzlunum árla næsta dags.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 kr. og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

- 67 Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkaahrepps, samkvæmt lög-
22. apríl um nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

- 68
30. apríl

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði, til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Undanþága sú, sem færeyskum og íslenskum skipum var veitt með auglýsingum 19. janúar og 3. febrúar þ. á., til þess að mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði, hefur verið framlengd til maíloka þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

- 69
7. maí

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfðans Hálfðanssonar.
3. Miðkaupstaðareignin, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar.
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Magnúsar Kárasonar og Stefáns Richter.
5. Aðalstæti nr. 11, lóðin, eign Jónu Hálfðánardóttur og Stígs Guðjónssonar.
6. Aðalstræti nr. 13 og 15, lóðin, eign Hallgríms Péturssonarð Valdimars Þorvarðssonar, Ólafs Magnússonar o. fl.
7. Aðalstræti nr. 20, lóðin, eign frú Ásu Grímsson.
8. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Gísla Indriðasonar og Arngríms Fr. Bjarnasonar.
9. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svo nefnt Félagshús bænda.
10. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálssonar.
11. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.